

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2014

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan fridag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum), þingskjal 297 – 258. mál.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna færslu frídaga að helgum.

Bandalagið hefur áður sent inn umsagnir um þingmál sama efnis. Í umsögnunum hefur þeirri afstöðu verið lýst að BSRB leggst alfarið gegn þeim tillögnum um að baráttudagur verkalýðsins verði færður til. Bandalagið leggur mikla áherslu á að áfram verði lögskipaður fridagur þann 1. maí. Ástæða þess er að dagurinn er ekki eingöngu lögskipaður fridagur hér á landi, hann er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins og upphaf hans má rekja allt aftur til níunda áratugar 19. aldar. Því eru kröfugöngur og útifundir haldnir í fjölda annarra landa þann 1. maí, rétt eins og hér á landi. Dagurinn hefur bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna og eru því að mati bandalagsins ríkar ástæður sem mæla gegn færslu hans.

Við síðustu framlagningu þingmáls sama efnis skýrði fulltrúi bandalagsins frá því, á fundi velferðarnefndar, að BSRB hefði ekki framkvæmt könnun um vilja félagsmanna hvað þetta málefni varðar. BSRB gæti þar af leiðandi ekki gert athugasemdir við frumvarpið, nema hvað varðar færslu 1. maí, enda skoðanir rúmlega 22.000 félagsmanna misjafnar. Jafnframt var lögð áhersla á að breytingar af þessu tagi ættu að eiga sér stað við gerð kjarasamninga en ekki með lagasetningu. Þannig væri tryggt að launamenn gætu greitt atkvæði um tillöguna með því að staðfesta eða fella kjarasamning. Að óbreyttum forsendum telur bandalagið ekki liggja fyrir með skýrum hætti almennt hver vilji launafólks í landinu er til færslu frídaga að helgum. Það er grundvallarforsenda breytinga sem hafa svo umfangsmikil áhrif að fyrir liggja einhvers konar mæling eða aðkoma launafólks að ákvörðunartöku þar um verði tryggð.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Alþingi

*Austurstræti 6-8
150 Reykjavík*

Reykholti, 16. desember 2014
1412002 VV

Efni: Tölvuskeyti frá nefndarsviði Alþingis, dags. 28. nóvember 2014; frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku ofl. (þingmál nr. 258).

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 11. desember 2014 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu þess:

Tölvuskeyti frá nefndarsviði Alþingis, dags. 28. nóvember 2014; frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku ofl. (þingmál nr. 258).

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar er alfarið mótfallin færslu frídaga að helgi.

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2014


Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku (færsla frídaga að helgum) – 258. mál

Vísað er til erindis háttvirtrar velferðarnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku nr. 88/1971 og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum).

Félag atvinnurekenda hefur áður gert umsögn við sambærilegt frumvarp sem lagt var fram á 141. löggjafarþingi sem sjá má í fylgiskjali við umsögn þessa. Félag atvinnurekenda áréttar þau sjónarmið sem fram koma í umræddri umsögn og telur varhugavert að fjölga frídögum umfram það sem kjarasamningar gera ráð fyrir. Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar FA um málið.

Félagið lýsir sig reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda


Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur FA

Fylgiskjal nr. 1 – Umsögn FA, dags. 20. nóvember 2013

Nefndasvið Alþingis
B.t. Velferðanefnd – Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2013

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971 (færsla frídaga að helgum)

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtar Velferðarnefndar Alþingis dagsett 6. nóvember 2013 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um ofangreint frumvarp þar sem lögð er til færsla frídaga að helgum.

Félag atvinnurekenda telur að umrætt frumvarp sé að hluta til ágætt en gerir hins vegar þann fyrirvara að í því felst aukinn kostnaður sem atvinnurekendur þyrftu að bera. Sá aukni kostnaður kæmi í raun einna verst niður á minni fyrirtækjum.

II. Ábendingar

Í lögum nr. 88/1971 er kveðið á um ákveðna frídaga. Greiðsla fyrir þá frídaga fer eftir gildandi ákvæðum kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins hverju sinni. Með frumvarpinu er það lagt til að færa til frídaga sem eru í miðri viku að helgum. Því ber í sjálfu sér að fagna og getur af slíku orðið mikið hagræði fyrir launafólk og aukin framleiðni fyrir atvinnurekendur, án þess að hægt sé að fullyrða um öll tilfelli þar um.

Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að nýir frídagar komi til þegar hinir lögbundnu frídagar bera upp á helgi. Vert er að benda á að eðli málsins samkvæmt taka ákvæði kjarasamninga ekki á slíkum tilflutningi og ljóst að atvinnurekendum mun ekki bera nein skylda til að greiða laun fyrir þá frídaga sem þarna um ræðir á meðan slíkt ástand varir. Hið umrædda frumvarp myndi því fela í sér ákveðið tómarúm milli laga og kjarasamninga á almennum markaði sem verður að telja óheppilegt. Þá er enn fremur ljóst að atvinnurekendur eru ekki tilbúnir til að taka á sig þann kostnaðarauka og þjónustutap sem um ræðir, en skv umsögn Samtaka atvinnulífsins um málið er um að ræða aukningu um 1,5 frídaga.

III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

3. desember 2014

Eftirfarandi var bókað á 1367. Fundi bæjarráðs Grindavíkubæjar þann 2. Desember síðastliðinn.
15. 1412002 - Beiðni um umsögn frá velferðarnefnd alþingis um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku o.fl.(færsla frídaga að helgum), 258. mál.
Bæjarráð fagnar því að fram sé komið frumvarp sem geti m.a. stuðlað að fjölskylduvænni samfélagi.

Bestu kveðjur

Róbert Ragnarsson
Bæjarstjóri

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2014

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku nr. 88/1971. Þingskjal 297-258. mál

Samiðn mælir gegn samþykkt frumvarpsins en er ekki mótfallin efnisinnihaldi þess en telur að um breytinguna eigi að semja í almennum kjarasamningum.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



Þorbjörn Guðmundsson

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 1. desember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum), 258. mál.

Velferðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi og er nú endurflutt án þess að um efnisbreytingar sé að ræða.

Samtökin sendu þá nefndinni umsögn sem þau telja í fullu gildi. Umsögnina má lesa hér: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=143&dbnr=155>

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson
Hannes G. Sigurðsson



Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18.12.2014

Efni: Umsögn SFR um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966, þingskjal 297 – 258. mál.

SFR – stéttarfélagi í almannaðjónustu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna færslu frídaga að helgum.

Félagið telur mikilvægt að benda á að 1. maí er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins. Dagurinn á sér langa og ríka hefð sem hefur táknræna merkingu fyrir launafólk um allan heim. Félagið leggst því alfarið gegn tilfærslu á 1. maí.

SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu vísar að öðru leyti í umsögn BSRB og tekur að fullu undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Fyrir hönd SFR – stéttarfélags í almannaðjónustu

Alma Lísu Jóhannsdóttir
kjara- og félagssvið SFR

2. desember 2014

Við sendum samhljóða umsögn og í fyrra. Sjá viðhengi.

kveðja,

Drífa Snædal
Framkvæmdastjóri

Starfsgreinasamband Íslands
Guðrúnartúni 1 - 105 Reykjavík

Velferðarnefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2014

Efni: Umsögn um lagafrumvarp um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum).

Starfsgreinasamband Íslands er heildarsamtök verkafólks á Íslandi en aðildarfélögin telja um 50.000 félagsmenn. Það má því með sanni segja að þau viðhorf sem eru uppi varðandi færslu frídaga rúmist öll innan SGS. Annars vegar er launafólk sem vill fara þessa leið sem kynnt er í frumvarpinu til að lengja í helgunum og að frídagar nýtist sem best. Hins vegar er launafólk sem vill halda í frídagana eins og þeir eru og telja að með því að færa þá til sé verið að draga úr vægi þeirra. Jafnvel gæti tilfærslan verið fyrsta skrefið til að afnema frídagana þar sem þeir eru samkvæmt trúarbrögðum og hefðum skýrt bundnir við ákveðna daga og því varðir af hefðinni. Þess ber að geta að í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands við Samtök Atvinnulífsins er heimild til að færa til fimmtudagsfrídaga í einstaka fyrirtækjum (kafla 5, gr. 5.5.i) með samráði við heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda.

Í kjarasamningunum 1988 var samið um að færa uppstigningardag og sumardaginn fyrsta til næsta föstudags en skemmst er frá því að segja að tillagan hlaut ekki hljómgrunn þegar samningurinn var kynntur fyrir félögunum. Reyndar voru samningarnir felldir og þetta var eitt þeirra mála sem hafði þar áhrif. Það má vera að kominn sé tími til að taka málið aftur upp við samningaborðið en tilfærsla á vinnudögum á einmitt heima þar en ekki hjá Alþingi. Með því móti fær almennt launafólk tækifæri til að semja um það sérstaklega og í kjölfarið að segja álit sitt með atkvæðagreiðslu. Starfsgreinasambandið leggst því gegn því að Alþingi hlutist til um breytingar á frídögum þessu stigi.

Varðandi tilfærsluna á 1. maí er fullt tilefni til að taka sterkar til orða. 1. maí er baráttudagur verkalýðsins, sá eini sem launafólk á sameiginlegt, ekki bara hér á landi heldur um allan heim. Dagurinn er sterkt bundinn hefðum og hefur verið að sækja í sig veðrið um allt land síðustu ár þar sem verkalýðsfélög boða til baráttufunda og hátíða. 1.maí á rætur að rekja til þess að verkafólk lagði niður vinnu þennan dag til að krefjast bættra kjara og þessi dagur hefur verið helgaður þeirri baráttu æ síðan. Að mati Starfsgreinasambandsins er það ekki í valdi Alþingis að ráðskast með þennan dag vinnandi fólks og rjúfa hann þar með úr sögulegu og alþjóðlegu samhengi.

Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landssamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.



Starfsgreinasamband Íslands

Aðildarfélög SGS eru þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, Vl. og sjómf. Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-löjja, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Bárán stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, Vl. og sjómf. Keflavíkur og nágrennis (VSFK), Vl. og sjómf. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri